

**Efnahags- og  
viðskiptaráðuneyti**

**Minnisblað**

Viðtakandi: Viðskiptanefnd  
Sendandi: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið  
Dagsetning: 08.06.2010  
Málsnúmer: EVR09120039  
Brefalykill: 7.1

Efni: Viðbrögð efnahags- og viðskiptaráðuneytisins við framhaldsumsögn Félags atvinnurekenda vegna frumvarps til breytinga á samkeppnislögum.

**Viðbrögð efnahags- og viðskiptaráðuneytisins við framhaldsumsögn Félags atvinnurekenda vegna frumvarps til breytinga á samkeppnislögum, mál nr. 572.**

Félag atvinnurekenda (FA) skilaði þann 4. júní sl. framhaldsumsögn til viðskiptanefndar Alþingis vegna frumvarps til breytinga á samkeppnislögum, mál nr. 572. Í tilefni af því óskar ráðuneytið eftir að fá að koma á framfæri við nefndina eftirfarandi sjónarmiðum vegna þess sem fram kemur í umsögninni.

**Skýrara tilefni - lagðar til breytingar á b. lið 2. gr. frumvarpsins (c. liður 1. mgr. 16. gr.)**

FA leggur til að gerðar verði breytingar á b. lið 2. gr. frumvarpsins á þá leið að orðunum "almenningi til tjóns" verði bætt aftan við 1. málslið. Ráðuneytið telur að það felist í núverandi lögum að heimildinni verði eingöngu beitt sé það almenningi til hagsbóta. Hins vegar sér ráðuneytið ekkert því til fyrirstöðu að fyrrgreind breyting verði gerð á b. lið 2. gr., telji nefndin að það sé til þess fallið að skýra ákvæðið.

**Skýrari heimildir - lagðar til breytingar á d. lið 2. gr. frumvarpsins (2. másl. 2. mgr. 16. gr.)**

FA leggur til að nýjum málslið verði bætt við í d. lið 2. gr. frumvarpsins en þá myndi d. liður hljóða svo:

*Samkeppniseftirlitið getur beitt nauðsynlegum úrræðum bæði til breytinga á atferli og skipulagi vegna þeirra atvilda sem tilgreind eru í 1. mgr. Samkeppniseftirlitinu er heimilt að mæta fyrir um uppskiptingu fyrirtækja, sölu eignarhluta eða sölu annarra eigna .*

Ráðuneytið telur að með þessari breytingu sé verið að koma í veg fyrir að SE geti beitt vægari úrræðum en uppskiptingu fyrirtækja og telur það ekki vera í samræmi við meðalhóf. Það hlýtur að vera eðlilegt að SE geti beitt vægari úrræðum, dugi þau til að ná settu markmiði. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að bæta þessu við ef tekið er fram að SE sé *m.a.* heimilt að mæla fyrir um uppskiptingu fyrirtækja, sölu eignarhluta eða sölu annarra eigna, en með því að bæta "meðal annars" (*m.a.*) inn í setninguna er ekki komið í veg fyrir að SE geti beitt vægari úrræðum þegar það á við.

**Meðalhóf og endurgjald - lagðar til breytingar á 3. másl. 16. gr. laganna. (ekki eru lagðar til breytingar á þeim másl. í frumvarpinu)**

FA leggur til að gerðar verði rótækar breytingar á 3. másl. 16. gr. laganna en sá málsliður er meðalhófsregla 16. gr. Ráðuneytið leggst alfarið gegn þeirri breytingu sem FA leggur til. Rétt er að benda á að þessi breyting myndi einnig hafa áhrif á ákvarðanir sem SE tekur á grundvelli a. og b. liðar 1. mgr. 16. gr. en ekki eingöngu fyrirhugaðs c. liðar. Með breytingunni er verið að teygja

meðalhófsreglu inn á óþekktar brautir. Í því sambandi má benda á 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, sem er sú grundvallar meðalhófsregla sem stjórnvöld verða að fara eftir við ákvarðanatöku sína, en þar segir: "Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til." Eins og sjá má gengur sú meðalhófsregla sem FA leggur til miklu lengra en almenn meðalhófsregla stjórnisýslulaga.

Í tillögu FA er lagt til að skerpt verði á ákvæðinu og er lagt til að sú skylda verði lögð á SE að við beitingu úrræða sinna skuli tryggja að þeir aðilar sem ákvörðun beinist gegn fái sem mest endurgjald fyrir eignir sínar eða tjón þeirra verði lágmarkað með öðrum hætti. Ákvarðanir SE verða iðulega verulega fjárhagslega hagsmuni og í öllum sínum ákvörðunum ber SE að fara að meðalhófsreglum laga við töku ákvarðana byggða á samkeppnislögum. Með vísan til markmiðs samkeppnislaga og þess hlutverks sem SE er þar falið leggst ráðuneytið því alfarið gegn því að slík skylda verði lögð á SE.

Rétt er í þessu sambandi að benda á að ráðuneytið hefur í fyrra minnisblaði sínu til nefndarinnar lagt til breytingu á d. lið sem ætlað er að styrkja enn frekar meðalhófsreglu 16. gr. Að teknu tilliti til þess telur ráðuneytið að nægilega vel sé gætt að meðalhófi í lögnum enda er verður SE líkt og önnur stjórnvöld alltaf að taka mið af fyrrgreindri meðalhófsreglu í 12. gr. stjórnisýslulaga.

#### **Samantekt**

Ráðuneytið styður 1. tillögu FA en telur að gera þurfi breytingar á 2. tillögu þannig að tryggt sé að SE geti beitt vægari úrræðum en uppskiptingu fyrirtækja. Ráðuneytið leggst hins vegar alfarið gegn 3. tillögu FA og telur hana afar varhugaverða.